

Safamýri / Framsvæði – ný íbúðabyggð – Skipulagslýsing*Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis*

Vegna skipulagslýsingar vegna áforma um nýja íbúðabyggð á lóð nr. 26 við Safamýri, þ.e. íþróttasvæðinu í Safamýri, vill íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

- Til að byrja með vill íbúaráðið fagna því að þetta svæði fái athygli borgaryfirvalda og að stefnt sé að því að fara í hugmyndaleit eða samkeppni um þróun svæðisins. Um leið og hófleg aukning íbúða á svæðinu getur styrkt hverfið í Safamýri/Álftamýri eru ekki síður mikil tækifæri á svæðinu til að efla það sem öflugt og gott íþrótt- og útivistarsvæði. Að mati íbúaráðsins er mikilvægt að það hlutverk svæðisins verði tryggt til framtíðar.
- Íþróttastarfsemi Víkings á svæðinu er mjög mikilvæg fyrir allt hverfið og felast mikil verðmæti í því fyrir börn í öllu Háaleitishverfi að svæðið verði áfram virkt sem öflugur íþróttakjarni í miðri borginni. Þróun umrædds svæðis þarf því að taka mið af því að starf Víkings á svæðinu geti vaxið og dafnað samhliða aukinni íbúabyggð í nágrenninu. Að því sögðu telur íbúaráðið mikilvægt að öll uppbygging á svæðinu verði unnin í nánu samráði við Víking.
- Um leið og mikilvægt er að standa vörð um þá íþróttastarfsemi sem er á svæðinu er einnig tækifæri til að efla það sem almennt útivistarsvæði fyrir nærumhverfi sitt. Í dag er stóri grasflöturinn afgirtur og nýtist ekki nema hluta úr ári til fótboltaíðkunar. Vilji íbúa á svæðinu er til að opna upp notkun svæðisins og að gera hana fjölbreyttari. Síðustu ár hafa íbúar í Safamýri/Álftamýri t.a.m. tekið sig til og gert gönguskíðaspor á vellinum þegar þannig viðrar. Íbúaráðið tekur undir þau sjónarmið og leggur um leið til að horft sé með ögn opnari hætti á svæðið í heild sinni þannig að nærliggjandi skóla- og leikskólalóðir geti einnig orðið hluti af heildrænu og samfelldu útivistarsvæði í Safamýri.
- Við þróun svæðisins er einnig mikilvægt að horft sé til þess að fyrirhuguð er talsverð uppbygging íbúða í kringum umrætt svæði, t.a.m. við Kringluna og í Múlahverfi. Með fjölgun íbúa í nágrenninu mun mikilvægi svæðisins sem opins og lifandi íþrótt- og útivistarsvæðis bara aukast. Þá munu áætlanir um Miklubraut í göng gera mögulegt að byggt verði á núverandi veghelgunarsvæði götunnar. Taka ætti mið af þeim möguleikum bæði í samhengi mögulegrar fjölgunar íbúa á svæðinu en einnig í samhengi þess hvernig ný byggð á svæðinu verður mótuð sem og hvernig íþrótt- og útivistarsvæðið getur þróast til lengri tíma.



- Sú afmörkun sem sýnd er svæðinu í skipulagslýsingunni tekur einungis til lóðarinnar við Safamýri 26. Í samræmi við ofangreinda punkta væri að mati íbúaráðsins eðlilegt að svæðið sem væri til skoðunar væri

víðfemara og tæki til aðliggjandi gatna og skólalóða. Meðfylgjandi mynd sýnir þá afmörkun sem íbúaráðið leggur til að verði skoðað í fyrirhugaðri samkeppni um svæðið. Sérstaklega í sambandi við þau markmið skipulagslýsingarinnar að áhersla sé lögð á að uppbygging og þróun svæðisins styrki ásýnd þess og að mynduð verði skjólgóð og sólrík útisvæði með góðar göngu- og hjólatengingar í gegnum svæðið og til nærliggjandi hverfa. Ný byggð íbúða á svæðinu ætti heldur að standa í jaðri þess og megin áhersla lögð á að styrkja svæðið sem öflugur almenningsgarður þar sem skipulögð íþróttastarfsemi og fjölbreyttir útvistarmöguleikar blandast saman.

Með von um góð viðbrögð og gott samráð í áframhaldandi vinnu við mótun á framtíð og þróun þessa mikilvæga svæðis í miðju borgarinnar.

Fyrir hönd íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis
Birkir Ingibjartsson